

bænda
FERÐIR

FEĞURÐ LANDSINS FJALLA



19. – 27. ágúst 2023

Fararstjórn: Hólmfríður Bjarnadóttir

Sumar 17
Ítalía | Sviss

Ferðalýsing

Það er ævintýri líkast að ferðast um **Alpafjöllin** í Sviss og Ítalíu og ekki skemmir að dvelja við annað stærsta vatn Ítalíu, **Lago Maggiore**, sem er umvafið fjallafegurð. Hér kynnumst við sögu og litskrúðugu menningarlífi þessara landa á hrifandi hátt. Við hefjum ferðina á Ítalíu í ljúfa bænum **Stresa** sem stendur við vatnið Lago Maggiore. Farið verður í skemmtilega siglingu á **Comovatni** til bæjarins **Bellagio** sem er sannkölluð perla við vatnið. Einnig siglum við til fallegu eyjunnar **Isola Bella**, sem er ein Borromeo-eyjanna en þar sjáum við tilkomumikla höll í stórglæsilegum lystigarði sem er einstakur í Evrópu. Við dveljum seinni hluta ferðarinnar í fallega bænum **Saint-Léonard** sem er örstutt frá töfrandi fjallabænum **Sion** í Wallis kantónu í Sviss. Á leiðinni þangað verður áð í hinum fræga fjallabæ **Zermatt** sem liggur við rætur **Matterhorn** fjalls á milli hæstu fjalla Evrópu. Við förum einnig til **Chamonix** sem stendur við rætur hæsta fjalls Vestur-Evrópu, **Mont Blanc**. Frá miðbæ Chamonix gengur útsýniskláfur upp í 3.842 m hæð á **Aiguille du Midi** en þaðan er stórkostlegt útsýni yfir á Mont Blanc og dalinn fyrir neðan.

9 dagar | 8 nætur

4 nætur Stresa | 4 nætur Saint-Léonard



19. ágúst | Flug til Milánó & Stresa við Lago Maggiore vatn

Brottför frá Keflavík kl. 08:30 og mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Milánó kl. 14:45 að staðartíma. Þaðan verður ekið til bæjarins Stresa, við vatnið Lago Maggiore sem er umvafið fjallafegurð. Þetta er annað stærsta vatn Ítalíu en tæpur fimmtungur vatnsins tilheyrir Sviss. Frá 18. öld hefur feegurð og lega vatnsins dregið til sín baðgesti og ferðamenn hvaðanæva að úr heiminum. Þar verður gist í fjórar nætur á góðu hóteli í miðbæ Stresa sem býður upp á glæsilega aðstöðu m.a. inni- og útisundlaug og mjög fallegan garð með sólbekkjum, stólum og borðum. Einnig er heilsulind á hótelinu.

20. ágúst | Sigling á Comovatni & bærinn Bellagio

Á dagskrá okkar í dag er töfrandi og skemmtilegur dagur. Nú verður ekin fögur leið til Como við Comovatn sem er rómað fyrir feegurð og er sama hvert litið er, fallegt landslag umlykur okkur, líkt og mynd á póstkorti.

Farið verður í siglingu frá Como til Bellagio sem er á fagurgrænum tanga og ekki að ástæðulausu að bærinn er kallaður perla Comovatns. Litríkur og skemmtilegur bær með sínum hlykkjóttu, mjóu götum og það er dásamlegt að njóta lífsins í svona fallegum bæ í kringum skemmtilegar, litlar verslanir og veitinga- og kaffihús.



21. ágúst | Rólegheit og slökun í bænum Stresa

Það er kærkomið að slaka á eftir spennandi ferðir liðinna daga. Nú er upplagt að nota glæsilega aðstöðu hótelsins, röltu um og kanna bæinn betur eða fara í skemmtilegan göngutúr með fram vatninu þar sem fjallafegurðin er dásamleg.

22. ágúst | Sigling Isola Bella & Isola dei Pescatori

Dagurinn byrjar á ljúfri siglingu yfir til Isola Bella sem er ein Borromeo-eyjanna. Fegurð hennar er ólýsanleg en hún ber nafn Isabellu eiginkonu Carlo III.

Borromeo ættin byggði á eyjunni höll sem þekkt er fyrir að hafa verið gististaður Napóleons og eiginkonu hans, Jósefínu. Það er mjög skemmtilegt að skoða höllina, svo ekki sé talað um garðinn umhverfis hana, stórglæsilegur lystigarður á nokkrum hæðum. Eftir það

verður siglt til eyjarinnar Pescatori sem tilheyrir Borromeo eyjunum en búseta hefur verið stöðug þar frá 14. öld. Mannlífið á eyjunni heillar þar sem tilvera eyjaskeggja byggist á fiskveiðum í Lago Maggiore vatni. Þar er upplagt að fá sér hádegishressingu.



23. ágúst | Fjallabærinn Zermatt & Matterhorn



Nú er komið að því að kveðja Stresa eftir yndislega daga og verður stefnan tekin á svissnesku Alpafjöllin yfir Simplon skarðið. Á leiðinni þangað verður komið til Täsch og þaðan farið í stutta lestarferð til Zermatt bæjar. Leið lestarinnar liggur á milli þriggja hæstu fjalla Evrópu, Dom, Matterhorn og Monte Rosa. Útsýnið úr bænum yfir á Matterhorn fjallið er hreint stórfenglegt. Í Zermatt er engin bílaumferð og gömlum húsum hefur verið

haldið mjög vel við en fjósin hafa vikið fyrir Rolex- og Gucciverslunum. Við komum til með að eiga góðan tíma í þessum yndislega bæ áður en haldið verður áfram en gist verður í fjórar nætur á góðu hóteli í bænum Saint-Léonard sem er örstutt frá fjallabænum Sion.

24. ágúst | Töfrandi dagur í Sion & frjáls tími

Eftir góðan morgunverð verður ekið inn í miðaldabæinn Sion sem er í suðvesturhluta Sviss í kantónunni Wallis, einu sólríkasta svæði Sviss. Bærinn hrífur alla, ekki síst staðsetning hans því hann byggðist upp á milli tveggja kletta. Á öðrum eru rústir Tourbillon kastalans en á hinum trónir Valere, gömul pílágrímakirkja sem skartar einu elsta orgeli heims. Það er ekki bara staðsetning bæjarins sem hrífur heldur einnig

miðaldabærinn með sínum litlu, þröngu götum, glæstum byggingum og litskrúðugu mannlífi. Eftir stutta skoðunarferð verður frjáls tími til að sýna sig og sjá aðra. Upplagt að fá sér dæmigerðan rétt Sion og Wallisbúa, osta raclette fondú. Þegar líða fer á daginn



verður ekið til baka á hótelið þar sem hægt er að fara í göngu eða njóta náttúrufegurðar Alpafjallanna úr hóteldarðinum.

25. ágúst | Chamonix & Mont Blanc

Einn af hápunktum ferðarinnar er að koma til Chamonix sem stendur við rætur hæsta fjalls Vestur-Evrópu, Mont Blanc. Chamonix er bær fjalladýrkenda og þekktur skíðabær en fyrstu vetrarólympíuleikarnir voru haldnir hér árið 1924. Frá miðbænum gengur útsýniskláfur upp í 3.842 m hæð á Aiguille du Midi en þaðan er stórkostlegt útsýni yfir á Mont Blanc, Chamonix og dalinn fyrir neðan. Byrjað verður á því að taka kláfinn upp og njóta útsýnisins yfir Alpafjöllin. Eftir það verður gefinn tími til að rölta um og njóta bæjarins áður en ekið verður til baka á hótél.



26. ágúst | Rólegheita dagur & lestarferð inn í Sion



Nú ætlum við að eiga þennan morgun í rólegheitum og njóta þess að vera á þessum fagra stað. Um hádegisbil er upplagt að fá sér stutta göngu með farastjóranum að lestarstöðinni þar sem við förum í örstutta lestarferð inn í Sion. Í Sion er hægt að fá sér smá hressingu og líta inn á kaupmenn borgarinnar. Einnig er

hægt að skoða sig betur um í þessum fallega bæ, fara í göngu upp að Tourbillon kastala eða upp að gömlu pílagrímakirkjunni Valere. En frá báðum stöðum er fagurt útsýni yfir borgina og vínhéraðið en hér í Wallis héraði eru hæstu víngarðar Mið-Evrópu.

27. ágúst | Heimferð frá Genf

Þá er þessi glæsilega ferð á enda runnin. Ekið verður til Genf en brottför þaðan er kl. 14:00 og landing í Keflavík kl. 15:50 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.



Verð

399.500 kr. á mann í tvíbýli | 114.600 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallaskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgun og kvöldverður allan tímann á hótélum.
- ✓ Lestin frá Täsch til Zermatt.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Siglingar, vínsmökkun og kláfar.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þjóf fé.

Valfrjálst

- ✓ Sigling frá Como til Bellagio u.þ.b. € 14.
- ✓ Sigling út í Borromeo eyjarnar og aðgangseyrir í garðinn og höllina u.þ.b. € 25.
- ✓ Kláfur upp á Aiguille du Midi u.þ.b. € 61.
- ✓ Lest til Sion, fram og til baka u.þ.b. CHF 8

